



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2019

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, (sálfræðimeðferð)

ÖBÍ styður frumvarpið, enda hefur bandalagið lagt mikla áherslu á að sálfræðipjónusta verði felld undir kerfi greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu.

Sálfræðimeðferð er lykilþáttur í meðhöndlun ýmissa sjúkdóma og áfalla og er mikilvæg forvörn gegn alvarlegri sjúkdómum. Það er brýnt að fólk með einkenni geðraskana eða sem glímur við aðra andlega eða sálræna erfiðleika hafi greiðan aðgang að sálfræðipjónustu, en líka fólk sem glímur líkamlega erfiðleika sem þarf oft að vinna á einkennum kvíða og þunglyndis sem geta ágerst ef ekkert er að gert. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu á fólki að bjóðast sálfræðipjónusta frekar en lyfjagjöf, sem er dýrt úrræði sem ræðst ekki að rótum vandans.

Meðan sálfræðipjónusta er utan greiðslupátttökukerfis er hún ekki raunhæfur kostur fyrir þorra fólks og alls ekki fyrir þá hópa sem eru í mestum áhættuvanda, svo sem örorkulífeyrisþegar, ungt fólk og láglaunafólk.

Það liggur fyrir að fjölga sálfræðingum á heilsugæslustöðvum, svo að þangað sé hægt að sækja 1. stigs sálfræðipjónustu og fjölga geðheilsuteymum. Það er jákvæð þróun en hún mun ekki duga til að ná utan um uppsafnaðan vanda og mæta þörfinni fyrir sálfræðipjónustu í samfélaginu.

Fjárfesting í forvörnum og endurhæfingu skilar sér alltaf margfalt til baka í kassann, því það er fjárfesting í fólki og virkni.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

A handwritten signature in blue ink, reading "Emil Thoroddsen". The signature is written in a cursive, flowing style.

Emil Thoroddsen

formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál